

Nokkrir punktar um árangur jarðhitaborana á árinu 1980, sem studdar hafa verið af Orkusjóði. Tekið saman að ósk Orkuráðs

Guðmundur Pálmason

Nokkrir punktar um árangur jarðhitaborana á árinu 1980, sem stuðdar hafa verið af Orkusjóði. Tekið saman að ósk Orkuráðs.

<u>Lántaki</u>	<u>Lán nr.</u>	<u>Árangur.</u>
Hríseyjarhreppur	285	Þrjár holur, nr. 3 (637 m), nr. 4 (322 m) og nr. 5 (319). Árangur góður af þeirri síðustu og nægjanlegt vatn fengið.
Akureyri	286	Hola 4, Ytri Tjörn, boruð 1979-1980. Dýpi 1567 m. Árangur góður, dælt ca. 45 l/sek; Virkjuð.
Blesastaðir, Skeiðahr.	287	Dýpkun á 269 m djúpri holu, sem boruð var 1967. Nú boruð í ca. 360 m. Árangur góður, 2 l/s, 75°C, sjálfrennandi. Nægir fyrir 6 íbúðarhús.
Akureyri	288	Hola 2 í landi Klaufa, 980 m djúp. Lokið í apr. '80. Árangur enginn.
"	289	Hola 10 við Hrafnagil; er enn í borun. Gefur um 40 l/s; Hiti >80°C.
"	290	Viðgerð á holu 1 í landi Ytri Tjarnar. Er ekki notuð eins og er.
Egilsstaða- og Fellahr.	291	Hola 5, árangur allgóður. Dælt 14 l/s, 60-65°C.
Gnúpverjahreppur	292	Vinnsluhola 130 m djúp. Árangur góður. Dælt a.m.k. 30 l/s, 65°C.
Selfoss	293	Hola 11 við Þorleifskot. Boruð í 2005 m dýpi, stífluð á 1700 m. Fóðruð í 1120 m. Dælt um 15 l/s, en hiti óviss, því holan er ekki komin í jafnvægi. Vantar viðbótarlán vegna mikils kostnaðar.
Holta-, Ása- og Landm.hr.	294	Hola 4 við Laugaland í Holtum. Sjálfrennsli í upphafi 28 l/s, 94°C. Tvær æðar, 750 m og 820 m. Sú neðri nú stífluð og rennsli um 10 l/s.
Hraungerðishreppur	295	Hola 3 að Laugum, 360 m djúp. Rennsli 8-9 l/s, með loftdælingu; rúmlega 60°C.
Raufarhöfn (JHD)	Styrkur	Hitastigulsborun, 333 m djúp. Borhiti um 22°C.
Ísafjörður (JHD)	Styrkur	Hreinsun á holu 2, Tungudal.

<u>Lántaki</u>	<u>Lán nr.</u>	<u>Árangur</u>
Suðureyrarhreppur	296	Hreinsun á holu 2 á Laugum í Súgandaf. Heppnaðist vel. Rennsli jókst úr 10-12 l/s í 15-16 l/s.
Hitaeyning, Aðaldal	297	Dýpkun og fóðrun holu 1 í landi Klambra, úr 1100 m í ca. 1650 m. Hiti nægur (>100°C) en rennsli lítið sem ekkert.
Nauteyrarhreppur, N.ís.	298	Ein hola, 580 m djúp. Rennsli 15-16 l/s, um 40°C.